

LEIÐSKÓLALÖGIN OKKAR



Yfirlit

A og B	4	Fyrst á réttunni	8
A ram sam sam	4	Gráðug kerling	8
Afi minn og amma mín	4	Grænatún	8
Allir krakkar	4	Gulur, rauður ...	8
Allur matur	4	Göngum göngum	8
Atti katti nóa	4	Halli	8
Ausulagið	5	Hani, krummi	8
Á bjargi byggði	5	Hátt upp' á fjalli..	8
Babú, babú	5	Hreyfa-frjósa lagið	9
Bangsi lúrir	5	Húsmóðir veit	9
Bátasmiðurinn	5	Hver var að hlæja	9
Bílalagið	5	Höfuð herðar hné og tær	9
Bjarnastaðabeljurnar	5	Indjálalagið	9
Dagarnir og mánuðirnir	5	Í leikskóla er gaman	9
Dansi, dansi dúkkan mín	5	Kalli kálormur	9
Ding dong	6	Kalli litli könguló	9
Dúkkan hennar Dóru	6	Krókódill í lyftunni minni	10
Dvel ég í draumahöll	6	Krummi krunkar úti	10
Ein ég sit og sauma	6	Krummi svaf í klettagjá	10
Ein stutt – ein löng	6	Krumminn á skjánum	10
Einn lítill, tveir litlir fingur	7	Lína langsokkur	10
Ég heyri svo vel	7	Lóan er komin	11
Ég heyri þrumur	7	Nammilagið	11
Ég ætla að syngja	7	Nú er úti norðanvindur	11
Fimm litlir apar	7	Óskasteinar	11
Fiskarnir tveir	7	Palli var einn í heiminum	11
Frost er úti	8	Sól sól skín á mig	11
		Stóra brúin	11
		Strætisvagninn	12

Tombai	12
Uglulagið	12
Upp á fjall	12
Upp á grænum	12
Vertu til	13
Við erum góð	13
Við erum söngvasveinar	13
Við erum vinir	13
Við klöppum öll í einu	13
Það búa litlir dvergar	13
Það var einu sinni api	13
Þrjár litlar mýs	13
Þumalfingur, hvar ert þú?	14

A og B

A og B spott og spé
grísinn galar upp í tré.
Lítil mús til okkar fús
kom og byggði hús.

Lamb í baði
borðar súkkulaði
hundur jarmar
galar grísinn hátt.

A og B spott og spé
grísinn galar upp í tré.
Hróp og köll um víðann völl
og þá er sagan öll.

<https://www.youtube.com/watch?v=yCjTO-ijYpY>

A ram sam sam

A ram sam sam, a ram sam sam,
gúlí gúlí gúlí gúlí ram sam sam,
A ram sam sam, a ram sam sam,
gúlí gúlí gúlí gúlí ram sam sam,
Hér er ég, hér er ég
gúlí gúlí gúlí gúlí ram sam sam,
Hér er ég, hér er ég
gúlí gúlí gúlí gúlí ram sam sam,

https://www.youtube.com/watch?v=Wy_MXnDrwi4

Afi minn og amma mín

Afi minn og amma mín, út á Bakka búa.
Þau eru bæði sæt og fín
þangað vil ég fljúga.

Fljúga hvítu fiðrildin,
fyrir utan glugga.
Þarna siglir einhver inn,
ofurlítill dugga..

Sigga litla systir mín,
situr út í götu.
Er að mjólka ána sín,
í ofurlitla fötu

Afi minn fór á honum rauð
eitthvað suður á bæi,
Að sækja bæði sykur og brauð
sitt að hvoru tagi

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassassa..

<https://www.youtube.com/watch?v=r1ehuQzJfi8>

Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar
eru' í skessuleik.
Má ég ekki, mamma,
með í leikinn þramma.
Mig langar svo, mig langar svo
að lyfta mér á kreik.

Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara heim.
Heim til pabba og mömmu,
Líka afa og ömmu.
Allir krakkar, allir krakkar eru að fara
heim.

Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara út.
út með skóflu og fötu,
en ekki út á götu.
Allir krakkar, allir krakkar eru að fara út.

<https://www.youtube.com/watch?v=Q-zRjSLpJWY>

Allur matur

Allur matur á að fara
upp í munn og ofan í maga.
Heyrið það, heyrið það,
svo ekki gauli garnirnar

Mér sýnist koma þjónninn þarna
þagna skulu allir nú.
Gjöriði svo vel, gjöriði svo vel
við göngum að borðinu stillt og prúð.

<https://www.youtube.com/watch?v=NjUUh5cAm4>

Atti katti nóa

Atti katti nóa
Atti katti nóa
emissa demissa
dolla missa dei.
Setra kolla missa radó,
setra kolla missa radó.
atti katti nóa,
atti katti nóa,
emissa demissa dollamissa dei.

<https://www.youtube.com/watch?v=KVZeYDMuJeg>

Ausulagið

Einn var að smíða ausutetur
annar hjá honum sat
sá þriðji kom og bætti um betur
og boraði á hana gat.
Hann boraði á hana eitt
hann boraði á hana tvö
hann boraði á hana þrjú og fjögur,
fimm og sex og sjö.
https://www.youtube.com/watch?v=U2xxCSO_sHg

Á bjargi byggði

Á sandi byggði heimskur maður hús (x3)
og þá kom steypiregn og vatnið óx og óx
(x3)
og húsið á sandinum það féll.
<https://www.youtube.com/watch?v=L2byX-6w7HE&t=41s>

Babú, babú

Babú, babú brunabíllinn flautar
hvert er hann að fara?
vatn á eldinn sprauta
tss, tss, tss
gerir alla blauta

Mjámjá, mjámjá, mjálmar gráa kisa
hvert er hún að fara?
útí skóg að ganga
uss, uss, uss
skógarþröst að fanga

Bíbí, bíbí, skógarþröstur syngur
hvert er hann að fara?
burt frá kisu flýgur
víí, víí, víí
um loftin blá hann smýgur
<https://www.youtube.com/watch?v=2FOtz8vOmb4>

Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir
bæli sínu í.
Hann er stundum stúrin
stirður eftir lúrin.
Að hann sofi, að hann sofi
enginn treystir því.
<https://www.youtube.com/watch?v=33Wy4QbW2Hg&t=2s>

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smíða mér bát.
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum með færinu næ.
<https://www.youtube.com/watch?v=G1alSSzrDSw>

Bílalagið

Við setjum svissinn á
og við kúplum gírnum frá,
þá er startað og druslan fer í gang.
Það er enginn vandi að aka bifreið
ef maður bara kemur henni í gang.
https://www.youtube.com/watch?v=mkDQ9VS_JKQ

Bjarnastaðabeljurnar

Bjarnastaðabeljurnar
þær baula mikið núna.
Þær eru að verða vitlausar
það vantar eina kúna.
Það gerir ekkert til,
það gerir ekkert til,
hún skrapp bara aðeins á klósettið
<https://www.youtube.com/watch?v=3y32mv55L5I>

Dagarnir og mánuðirnir

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur og fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur
og þá er vikan búin.
Janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí,
ágúst,
september, október, nóvember og
desember
<https://www.youtube.com/watch?v=fPorKUQdVM4&t=27s>

Dansi, dansi dúkkan mín

Dansi, dansi dúkkan mín.
Dæmalaust er stúlkan fín.
Voða fallett hrokkið hár,
hettan rauð og kjóllinn blár.
Svo er hún með silkiskó,
sokka hvíta eins og snjó.
Heldurðu' ekki' að hún sé fín?
Dansi, dansi dúkkan mín.
<https://www.youtube.com/watch?v=pGgaXUV3C6Q>

Ding dong

Ding dong, sagði lítill grænn froskur einn dag

Ding dong, sagði lítill grænn froskur.

Ding dong, sagði lítill grænn froskur einn dag

og svo líka ding dong doj jo jo jo jo.

Um a, sagði lítill græn eðla einn dag.

Um a, sagði lítill græn eðla.

Um a, sagði lítill græn eðla einn dag

og svo líka um a, a, a, a (tungan).

King kong, sagði stór svartur api einn dag.

King kong, sagði stór svartur api.

King kong, sagði stór svartur api einn dag

og svo líka king kong (barið á brjóst).

Mjá mjá, sagði lítill grá kisa einn dag.

Mjá mjá, sagði lítill grá kisa.

Mjá mjá, sagði lítill grá kisa einn dag

og svo líka mjá mjá mjááá.

Blúbb blúbb, sagði lítill blár fiskur einn dag.

Blúbb blúbb, sagði lítill blár fiskur.

Blúbb blúbb, sagði lítill blár fiskur einn dag

og svo líka blúbb blúbb blúbbblúbbblúbb.

Voff voff, sagði lítill brúnn hundur einn dag.

Voff voff sagði lítill brúnn hundur.

Voff voff, sagði lítill brúnn hundur einn dag

og svo líka voff voff voffvoffvoff.

<https://www.youtube.com/watch?v=6lrMSntMdAc>

Dúkkan hennar Dóru

Dúkkan hennar Dóru var með sótt, sótt, sótt.

Hún hringdi og sagði lækni að koma fljótt, fljótt, fljótt.

Læknirinn kom með sína tösku og sinn hatt.

Hann bankaði á hurðina, tatt, tatt tatt, tatt.

Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus; hún strax skal í rúmið og ekkert raus.

Hann skrifaði niður hvaða pillur hún skyldi

fá. “Ég kem aftur á morgun, ef hún er enn veik þá.”

<https://www.youtube.com/watch?v=sqNEcwXUVPs>

Dvel ég í draumahöll

Dvel ég í draumahöll

og dagana lofa.

Litlar mýs um löndin öll

liggja nú og sofa.

Sígur ró á djúp og dal,

dýr til hvílu ganga.

Einnig sofna skolli skal

með skottið undir vanga.

<https://www.youtube.com/watch?v=bhxJ2z0BERM>

Ein ég sit og sauma

Ein ég sit og sauma inní litlu húsi.

Enginn kemur að sjá mig nema litla músin.

Hoppaðu upp og lokaðu augunum.

Bentu í austur, bentu í vestur.

Bentu á þann sem að þér þykir bestur

<https://www.youtube.com/watch?v=hqvRK2D0Tnk>

Ein stutt – ein löng

Ein stutt, ein löng,

hringur á stöng

og flokkur sem spilaði og söng.

Penni og gat og fata sem lak.

Fata sem lak og penni og gat

Ein stutt, ein löng...

Lítill og mjór og feitur og stór.

Feitur og stór og lítill og mjór.

Ein stutt, ein löng...

Köttur og mús og sætt lítið hús.

Sætt lítið hús og köttur og mús.

Ein stutt, ein löng...

<https://www.youtube.com/watch?v=PN8U-k1G7fo>

Einn lítill, tveir litlir fingur

Einn lítill,
tveir litlir,
þrír litlir fingur,
fjórir litlir,
fimm litlir
sex litlir fingur,
sjö litlir,
átta litlir,
nú litlir fingur,
tú litlir fingur á höndum.

<https://www.youtube.com/watch?v=q5MaXx37WCY>

Ég heyri svo vel

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

<https://www.youtube.com/watch?v=doDfuaed1iI>

Ég heyri þrumur

(lag: Meistari Jakob)

Ég heyri þrumur, ég heyri þrumur
Heyrir þú, heyrir þú?
Droparnir detta, droparnir detta.
Ég verð gegnblautur, ég verð
gegnblautur.

Ég ætla að syngja

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er nebbinn minn
og munnurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru fingurnir
hérna er höndin,

hérna er olboginn
og handleggurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru tærnar,
hérna er hællinn,
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn hér.

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu upp' í tré
þeir voru að stríða krókódíl,
þú nærð ekki mér.
Þá kom hann herra krókóðíll
hægt og rólega
og amnamnamnamnamnamnam.
Fjórir litlir apar sátu.....
Þrír litlir apar sátu
Tveir litlir apar sátu
Einn litill api sat
Enginn lítill api situr upp í tré
og er að stríða krókóðíll,

<https://www.youtube.com/watch?v=5mWh8AeyFa0>

Fiskarnir tveir

Hafi þið heyrt söguna um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt.
Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba,
Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt.
Annar hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru ósköp litlir, báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt.
Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba,
Ba-ba-bú-bú-ba-ba-ba.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði; vatnið er kalt

<https://www.youtube.com/watch?v=frJ4UloJF-c>

Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

<https://www.youtube.com/watch?v=zXEtdqVRWVw>

Fyrst á réttunni

Fyrst á réttunni , svo á röngunni
tjú, tjú, trallalla.
Fyrst á réttunni , svo á röngunni
tjú, tjú, trallalla.

Klappa saman lófunum og
stappa niður fótunum
Klappa saman lófunum og
stappa niður fótunum.

<https://www.youtube.com/watch?v=su1pilflT8k>

Gráðug kerling

Gráðug kelling hitaði sér velling
og borðaði (namm, namm, namm)
síðan sjálf (jamm, jamm, jamm)
af honum heilan helling.
Svangur kallinn varð alveg dolfallinn
og starði svo (sko, sko, sko)
heilan dag (o, ho, ho) ofan í tóman dallinn.

<https://youtube.com/shorts/ifm5FMw5s0o?feature=share>

Grænatún

Grænatún, Grænatún það er
leikskólinn minn,
Lita ég og leira, leik mér við
margt fleira.
Grænatún, Grænatún það er
leikskólinn minn.

Gulur, rauður ...

Gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár.
Brúnn bleikur banani
appelsína talandi.
Gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár.

<https://www.youtube.com/watch?v=Tqb2uEe5-jU>

Göngum göngum

Göngum, göngum,
göngum upp í gilið
gljúfrabúann til að sjá.
Þar á klettasyllu
svarti krummi
sínnum börnum liggur hjá

<https://www.youtube.com/watch?v=1a5-tLfTDHc>

Halli

Haldið ekki að Halli komi á grúfunni
á heljarstökki fram af einni þúfunni.
Hann fór það bara fínt
og hélt hann hefði týnt
gleraugunum, höfðinu‘ eða húfunni.

Hani, krummi

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur.
Galar, krunkar, geltir, hrín,
hneggjar, tístir, syngur.

<https://www.youtube.com/watch?v=r6fxAb7eG40>

Hátt upp‘ á fjalli..

Hátt uppí fjöllum þar búa tröllin.
Tröllapabbi, tröllumamma og litli tröllirölli
Bú sagði tröllapabbi
Bú sagði tröllumamma
En hann litli tröllirölli sagði ekki neitt –
Ussss

Langt inní skóginum þar búa ljónin
Ljónapabbi, ljónamma og litli ljónsi
fljónsi
Urrrr, sagði ljónapabbi
Urr, sagði ljónamma
En hann litli ljónsi fljónsi sagði bara - mjá

Hátt uppá loftinu þar búa draugar
Draugapabbi, draugamma, og litli
vasaklútur

Úúúú, sagði draugapabbi
Úúúú, sagði draugamma
En hann litli vasaklútur sagði bara „atsjú“

<https://www.youtube.com/watch?v=3YUgPYNphH0>

Hreyfa-frjósa lagið

Hreyfa litla fingur, hreyfa litla fingur
hreyfa litla fingur og frjósa eins og skot.
Hreyfa litla fætur.....
Hreyfa lítinn nebb.....
Hreyfa lítinn maga.....
Hreyfa litla rassa.....

<https://www.youtube.com/watch?v=atS7KtbIYr8>

Húsmóðir veit

Húsmóðir veit hvað það er
að temja þennan barnaheir.
Þegar einn vill þetta vill annar hitt
og allir vilja þeir sitt.

Þegar einn dettur ofan' í pott
og annar hrindir öllu um koll.
Sá þriðji vill pylsu, sjá fjórði vill kók
sá fimmti er með rifna brók.

Hver var að hlæja

Hver var að hlæja þegar ég kom inn?
Kannski það hafi verið kötturinn.
Jæja nú jæja, látum hann hlæja,
kannski hann hlægi ekki í annað sinn.
Jæja nú jæja, látum hann hlæja,
kannski hann hlægi ekki í annað sinn.

Höfuð herðar hné og tær

Höfuð herðar hné og tær, hné og tær
Höfuð herðar hné og tær, hné og tær
Augu, eyru munnur og nef
Höfuð, herðar hné og tær, hné og tær.

https://www.youtube.com/watch?v=Hqh8Zd5_EpA

Indjánaletið

Einn og tveir og þrjú indíánar
fjórir fimm og sex indíánar
sjö og átta og níu indíánar
tíu indíánar í skóginum.

Allir voru með byssu og boga
allir voru með byssu og boga
allir voru svo kátir og glaðir
þeir ætluðu að veiða björninn.

Uss, þarna heyrðist eitthvað braka
uss, þarna heyrðust fuglar kvaka
fram kom stóri og grimmi björninn
þá hlupu þeir heim til sín.

Þá hlupu:

Einn og tveir og þrjú indíánar
fjórir fimm og sex indíánar
sjö og átta og níu indíánar
en einn indíáninn varð eftir.

Hann var ekki hræddur við stóra björninn
Bang, hann skaut og hitti björninn,
svo tók hann af honum allan haminn
og hélt aftur heim til sín.

Þá komu:

Einn og tveir og þrjú indíánar
fjórir fimm og sex indíánar
sjö og átta og níu indíánar
allir að skoða björninn

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman
þar leika allir saman
leika úti og inni
og allir eru með.

Að hnoða leir og lita
þú ættir bara að vita
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.

<https://www.youtube.com/watch?v=XIcABOH5bXs>

Kalli kálormur

Ég er Kalli kálormur,
í kál og rófur gráðugur.
Naga, naga alla daga,
namm, namm, namm.

En Gulli, sá sem garðinn á,
gremjulegur kemur þá.
Ormur, ormur eins og gormur
burt, burt, burt.

Kalli litli könguló

Kalli litli könguló klifraði upp á vegg
þá kom rigning og Kalli litli datt.
Svo kom sólin og þerraði hans kropp,
Kalli litli könguló klifraði upp á topp.

https://www.youtube.com/watch?v=SD31Dw_AU74

Krókódill í lyftunni minni

Það er krókódill í lyftunni minni.
Ég er svolítið smeyk við hann.

Það er krókódill í lyftunni minni,
og hann getur étið mann!

Krókódill, förum á fyrstu hæð.
(aðra/þriðju/fjórðu/fimmtu)
Þú færð ekki að éta mig,
því að það er ég sem ræð!

<https://www.youtube.com/watch?v=uePo8zovvsE>

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn.
Ég fann höfuð af hrúti
hrygg og gæruskinn.
Komdu nú og kroppaðu með mér
krummi nafni minn

<https://www.youtube.com/watch?v=HBRdrzrgY-E>

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
:/: Verður margt að meini, :/:
fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
:/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor
ekkert fæst við ströndu mor
:/: svengd er metti mína, :/:
ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
:/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
:/: flaug úr fjallagjótum, :/:
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrir en vakna hjú,
:/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
:/: fyrrum frá á velli, :/:
krunk, krunk, nafnar, komið hér
krunk, krunk því oss búin er
:/: krás á köldu svelli. :/:

<https://www.youtube.com/watch?v=mxIUwKoRkIE>

Krumminn á skjánum

Krumminn á skjánum,
kallar hann inn:

“gef mér bita’ af borði þínu,
bóndi minn!”

Bóndi svara býsna reiður:
“Burtu farðu, krummi leiður.
Líst mér að þér lítill heiður,
ljótur ertu’ á tánum,
Krumminn á skjánum.”

<https://www.youtube.com/watch?v=HYAhp8q013Y&t=35s>

Lína langsokkur

Hér skal nú glens og gaman
við getum spjallað saman
Gáum hvað þú getur,
vinur, gettu hver ég er!
Verðlaun þér ég veiti
ef að veistu hvað ég heiti.
En vaðir þú í villu
þetta vil ég segja þér:

Hér sérðu Línu Langsokk
tralla hopp, tralla hei, tralla hopsasa.
Hér sérðu Línu Langsokk,
já lítta það er ég.

Og þú sérð minn apa
minn sæta, fína litla apa.
Herra Níels heitir
já hann heitir reyndar það.
Hérna höll mín gnæfir
við himin töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri
eða frægðarmeiri stað.

Hér sérðu Línu Langsokk.....

Þú höll ei hefur slíka,
ég á hest og rollu líka
og kúfullan af krónum
einnig kistil á ég mér.
Verið allir vinir -
velkomnir - einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið
nú skal líf í tuskum hér.

Hér sérðu Línu Langsokk.....

<https://www.youtube.com/watch?v=JjnReAIXUiE>

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

https://www.youtube.com/watch?v=4Veg_JEcWE4

Nammilagið

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá.
Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmi
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá
Ef snjórinn væri úr sykarpúða og poppi
Rosalegt fjör yrði þá
Ég halla mér aftur, rek tunguna út,
a-ha-a-ha-a-ha-a-ha-a-ha
rosalegt fjör yrði þá

<https://www.youtube.com/watch?v=0jNDaB8xiTo>

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur
nú er hvítur Esjutindur,
ef ég ætti úti kindur,
mundi ég setja þær allar inn,
elsku besti vinur minn.
:,: Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa :,:

https://www.bornogtonlist.net/N%C3%BA_er_%C3%BAti_nor%C3%B0anvindur/

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina
faldi þá alla vildi þeim leyna,
huldi þar í hellisskúta heilla steina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu

https://www.youtube.com/watch?v=8S74am_ZQ7U

Palli var einn í heiminum

Ég þekki lítinn labbakút
sem langaði til að stelast út.
Á litlu tánnum læddist einn
og langaði ekki að vekja neinn.
Ha ha ha trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.
Ha ha ha trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Út á götu æddi hann
og ekki nokkurn þar hann fann.
Suður í búð hann síðan gekk
og súkkulaðimola fékk.
Ha ha ha trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.
Ha ha ha trúðu mér,
Palli var einn í heimi hér.

Sól sól skín á mig

Sól sól skín á mig
ský ský burt með þig.
Gott fyrir sólina' að gleðja sig
sól sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í bænum,
sveitirnar klæðast feldinum grænum.
Ómar allt lífið af yndi og söng
unaðsbjörtu dægrið löng.

<https://www.youtube.com/watch?v=Mp-Cmo7cmBs>

Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður,
upp og niður, upp og niður,
stóra brúin fer upp og niður,
allan daginn!

Bílarnir aka yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Bílarnir aka yfir brúna,
allan daginn!

Skipin sigla undir brúna,
undir brúna, undir brúna.

Skipin sigla undir brúna,
allan daginn!

Flugvélar fljúga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Flugvélar fljúga yfir brúna,
allan daginn!

Fiskarnir synda undir brúna,
undir brúna, undir brúna.
Fiskarnir synda undir brúna,
allan daginn!

Börnin ganga yfir brúna,
yfir brúna, yfir brúna.
Börnin ganga yfir brúna,
allan daginn!

<https://www.youtube.com/watch?v=I8knXz5ust0>

Strætisvagninn

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,
hring, hring, hring, hring, hring, hring.
Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,
út um allan bæinn.

Hurðin á strætó opnast út og inn,
út og inn, út og inn.
Hurðin á strætó opnast út og inn,
út um allan bæinn.

Peningarnir í strætó segja kling, kling,
kling,
kling, kling, kling, kling, kling, kling.
Peningarnir í strætó segja kling, kling,
kling,
út um allan bæinn.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,
bla. bla, bla, bla, bla, bla
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,
út um allan bæinn.

Krakkarnir í strætó segja hí, hí, hí,
hí, hí, hí, hí, hí, hí
Krakkarnir í strætó segja hí, hí, hí,
út um allan bæinn.

Bílstjórinn í strætó segir shh, shh, shh,
shh, shh, shh, shh, shh, shh
Bílstjórinn í strætó segir shh, shh, shh,
út um allan bæinn

Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb
bíb, bíb, bíb, bíb, bíb, bíb.
Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb
út um allan bæinn

<https://www.youtube.com/watch?v=AdllvrJ8ZGc>

Tombai

Tombai tombai
tombai tombai
Tombai tombai tombai
Don, don, Don,
diri don
Diri diri don.
Tra la la la la
tra la la la la
Tra la la la la la hai!

<https://www.youtube.com/watch?v=D51Ij4XwPoE&t=17s>

Uglulagið

Það var gömul ugla
með oddhvasst nef,
tvö lítil eyru
og átta litlar klær.
Hún sat uppi' í tré
og svo komst þú,
Þá flaug hún í burtu'
og sagði: "Ú-ú-ú".

<https://www.bornogtonlist.net/Uglan/>

Upp á fjall

Upp, upp, upp á fjall
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
alveg nið'rá tún.

<https://www.youtube.com/watch?v=s1Ghf9W4Ztw>

Upp á grænum

Upp á grænum, grænum himinháum hól
sá ég héra hjónin ganga.
Hann með trommu
bombombomborombombom
hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur byssukarl,
sem miðaði í hveli.
En hann hittir bara trommuna sem small,
og þau hlup' og héldu velli.'

<https://www.youtube.com/watch?v=JJ-h1mU8W5o>

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig.
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig
:,:sveifla haka og rækta nýjan skóg.:,: hey!

<https://www.youtube.com/watch?v=nVjG53dvBfg>

Við erum góð

Við erum góð,
góð hvort við annað.
Stríðum ekki eða meiðum neinn,
Þegar við grátum huggar okkur einhver
Þerrar tár og klappar okkar kinn.

<https://www.youtube.com/watch?v=QBsJLRA1mEg>

Við erum söngvasveinar

:/: Við erum söngvasveinar
á leiðinni' út í lönd. :/:
Við leikum á flautu,
á skógarhorn, á skógarhorn,
við leikum á flautu, fiðlu' og skógar horn.

Og við skulum dansa hoppasasa,
hoppasasa, hoppasasa.
Við skulum dansa hoppasasa, húllum hæ.

<https://www.youtube.com/watch?v=54PM2SNeWbY>

Við erum vinir

(lag: Meistari Jakob)

Við erum vinir
Við erum vinir
ég og þú
Leikum okkur saman
Leikum okkur saman
ég og þú

<https://www.youtube.com/watch?v=CWF7yhD3904>

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu
Við klöppum öll í einu,
Við klöppum öll í einu, Við klöppum öll í
einu,
Það líkar okkur vel!
(stöppum, hoppum, grátum, hlæjum,
sofum, hvíslum, smellum o.s.frv.)

<https://www.youtube.com/shorts/d8TvxUzDawc>

Það búa litlir dvergar

Það búa litlir dvergar í björtum dal
á bak við fjöllin háu í skógarsal.
Byggðu hlýja bæinn sinn,
brosir þangað sólinn inn.
Fellin enduróma allt þeirra tal.

https://www.youtube.com/watch?v=I_lieDIXVgg

Það var einu sinni api

Það var einu sinni api
í ofsa góðu skapi.
Hann vildi ekki grautinn
en fékk sér banana.
Bananana, (smell, smell),
bananana, (smell, smell).
Bananana, bananana, bananana
(smell, smell)

Það var í örkinni hans Nóa
að dýrin fóru að róa.
Hestur, hundur, hæna
og líka krókódíll.
Krókókódíll (smell, smell),
Krókókódíll (smell, smell).
Krókókódíll, krókókódíll, krókókódíll
(smell, smell)

<https://www.youtube.com/watch?v=v2F-ApY075k>

Þrjár litlar mýs

Þrjár litlar mýs þær stukku út á ís
ollivolli dúllivolli dei
ísinn var þunnur og ein hét Unnur
ollovolli dúllivolli dei.

Ísinn sprakk og Unnur datt
ollivolli dúllivolli dei
Unnur datt í ána og missti stórutána
ollivolli dúllivolli dei.

Þumalfingur, hvar ert þú?

Þumalfingur, þumalfingur hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Langatöng, langatöng hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Baugfingur, baugfingur hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

Litlifingur, litlifingur hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.

Góðan daginn, daginn, daginn.

<https://www.youtube.com/watch?v=rkjin9uf7Gw>